Anna Björk Sverrisdóttir, abs@hi.is
Renata Emilson Peskova, renata@hi.is
Helga Helgadóttir, hhelgadóttir@hi.is
Edda Óskarstóttir, eddao@hi.is
Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, ruth@hi.is
Karen Rut Gísladóttir, karenrut@hi.is

Að kenna og læra þverfaglega teymisvinnu

Í inngildandi skólastarfi er gert ráð fyrir að kennarar og þroskaþjálfar starfi saman að því að mæta fjölbreyttum þörfum barna og ungmenna. Í háskólanámi þessara fagstétta eru þó takmörkuð tækifæri til að læra og æfa þverfaglegt samstarf. Erindið fjallar um þróun samstarfs tveggja námskeiða á meistarastigi: KME115F *Kennsla í margbreytilegum nemendahópi* í kennaramenntun og ÞRS103F *Þroskaþjálfar í menntakerfinu* í þroskaþjálfafræði.

Markmiðið með samvinnu námskeiðanna er að undirbúa verðandi kennara og þroskaþjálfa fyrir þverfaglegt samstarf innan inngildandi menntakerfis. Nemendur vinna hópverkefni saman og taka þátt í umræðum og ígrundun. Þannig fá þeir tækifæri til að kynnast þekkingu, hlutverkum og ábyrgð þessara fagstétta og skoða hvernig ólík sérþekking getur nýst í þverfaglegri teymisvinnu. Rannsóknin er starfendarannsókn og er enn í gangi. Gögnin byggja á ígrundunum nemenda og kennara, verkefnum nemenda, rýnihópaviðtölum ásamt öðrum gögnum sem urðu til við þróun samstarfsins.

Niðurstöðurnar draga fram þrjú lykilatriði við hönnun þverfaglegs náms. Í fyrsta lagi þarf að skapa markviss tækifæri til tengslamyndunar sem leggja grunn að árangursríku samstarfi. Í öðru lagi styðja raunveruleg dæmi úr skólastarfi nemendur við að tengja fræðilegan skilning á inngildingu við samstarf í framkvæmd. Í þriðja lagi þróast þverfaglegt samstarf ekki sjálfkrafa með hópavinnu heldur krefst það skýrrar og markvissrar kennslufræðilegrar umgjarðar. Rannsóknin varð einnig að mikilvægu lærdómsferli í teymisvinnu fyrir okkur háskólakennarana og undirstrikar mikilvægi þess að kenna samstarf með því að skapa aðstæður til samstarfs.